

Skipulags- og byggingarfulltrúi  
Mýrdals- og Skaftárhreppur  
Austurvegi 17  
870 Vík, Mýrdal

Reykjavík 6. september 2017  
UST201708-138/K.S.J.  
10.04.03

**Efni: Deiliskipulag. Tillaga að deiliskipulagi lóðar á svæði Péturshóla, Mýrdalshreppi**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Mýrdalshrepps er barst 22. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi 4 ha lóðar á svæði Péturshóla í landi Valla.


**Skipulagssvæðið**


Í greinargerð kemur fram að breytingin nái til lóðarinnar Péturshóla úr landi Valla, en lóðin hefur verið skilgreind sem svæði fyrir verslun og þjónustu, en var áður svæði fyrir landbúnað. Einnig kemur fram að fyrirhugað er að byggja 18 smáhýsi á lóðinni og þjónustuhús 60 m<sup>2</sup> að stærð, 2 hús af stærðinni 80 – 140 m<sup>2</sup> og geymsluhús 80 m<sup>2</sup>. Í greinargerð skipulagstillögu er skematísk mynd yfir áætlaðar framkvæmdir. Þar kemur fram að áætlaður er einn beinn vegur með smáhýsum beggja vegna. Umhverfisstofnun bendir á að skipulagið líkist götu í þéttbýli og bendir stofnunin á að fella mætti smáhýsin betur að umhverfinu.

**Náttúruminjar**

Umhverfisstofnun minnir á að í nágrenni þess svæðis sem breytingartillagan nær til er svæði nr. 711. Á náttúruminjaskrá, en þar segir: „Eyjarhóll, Mýrdalshreppi, V-Skaftafellssýslu. (1) Eyjarhóll og um 200 m breið pöldrótt brekka norður af hólnum í Pétursey. (2) Stakur keilulaga blágrýtishóll, afar sérstætt stallalandslag vegna paldra (jarðsils). Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að áætlaðar framkvæmdir falli vel að umhverfinu sunnan Péturseyjar.

Virðingarfyllst

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Agnar Bragi Bragason  
Lögfræðingur